

*Hallgrímur Snorrason*  
Eriandi flutt á aðalfundi  
Sambands almennra lífeyrissjóða  
19. nóvember 1993

### Á lífeyrissjóðakerfið framtíð fyrir sér?

Góðir áhheyrendur

Andrúki framkvæmdastjórnar SAL sýnist ekki beysið í ljósi þess að henni hefur þótt við hæfi að reyna að dusta rykið af mér sem fyrrverandi spektulant á sviði málefna lífeyrissjóða í því skyni að ég flyti ykkur hér einhvern boðskap um málefni sem ykkur ætti öllum að vera kunnuga en mér. Með öllum fyrirvara um þykkt ryklagsins gæti það þó verið nokkur kostur að fá til leiðs einhvern, sem ekki er í miðri hringiðunni, og láta hugann reika um núverandi stöðu mála og framtíðarhorfur. Ahugandi af þessu tagi hefur það e. v. t. helst til síns ágætis að af orðum hans ætti að vera hægt að ráða eitthvað um viðhorfin utan kerfisins, hvernig á það er liðið og hvaða gagnrýni er uppi. Víst er að oft kann innangarðsmönnum að þykja slík utangarðsviðhorf ónógt grunduð og um margt vera misskilin. En jafnvel þó svo sé er ekki stöður ástæða til að gefa þeim gaum. Þau ættu þá a.m.k. að vera til marks um það að bregðast þurfi við þegar sæmlega upplýstir menn misskilja eða mistúlka. Með þessu er ég í reynd ekki að sneiða að sjálfum mér — vitaskuld þykist ég vita betur — og í reynd ætla ég að nofðæra mér sem umræðuefni hér ýmis þau gagnrýnismál sem hvað ofast hefur orðið vart við í umræðunni að undanförmu.

Fyrsti boðskapurinn er því viðvörðunarorð; ef marka má almenna opinbera umræðu er lífeyrissjóðakerfið ekki mjög ofarlega á vinsældarlista manna, það virðist ekki vera neit óskabarn þjóðarinnar.

Við þessu þarf að bregðast en hvernig? Í vangavelum mínum hér á eftir um vafasama framtíð lífeyrissjóðakerfisins (því varla værum við að ræða hér um þá spurningu hvort lífeyrissjóðakerfið eigi sér framtíð ef við teldum hana ekki vera svoltið vafasama) ætla ég fyrst að fara nokkrum orðum um stöðu mála og sjóða. Síðan ætla ég að ræða um framtíðina — að vera eða ekki, það er meinið — með hljóðsón af því hvaða skilyrði ég tel að þurfi að vera uppfyllt til þess að líkur séu á vænlegri framtíð en þeirri sem nú sýnist blása við.

En lífum fyrst á stöðu mála og þá vitaskuld á talnaformi því hvað væri einn hagstofusjóni án talna. Þær tölur, sem ég fer með hér, hef ég fengið með góðfúslegu leyfi bankafrilísins úr skýrslu þess sem nú var að koma úr prentun. Tekið skal fram að talnaefnið um lífeyrissjóði er all misjafnt, bæði að vöxtum og græðum. En þar er ekki við bankafrilitið að sakast heldur sjómendur lífeyrissjóðanna.

Og þá kemur annar boðskapur: Lífeyrissjóðir sem ekki geta látið í té haldgott talnaefni um rekstur sinn og stöðu eða hirða ekki um að hafa slíkt efni tiltækt, eiga ekki framtíð fyrir sér.

### Yfirlit yfir lífeyrissjóðakerfið

Ég ætla hér á eftir að bregða upp nokkrum tölum með ýmsum tölum um lífeyrissjóði, fjölda þeirra, stærð og stærðardreifingu eftir eignum og

fjöldi sjóðfélaga, rekstrarkostnað og loks með nokkrum lyktilölum úr rekstri þeirra.

**Tafla 1. Lífeyrissjóðir — yfirlit**

	Fjöldi sjóða	Höfuðstóll 31/12/92 milljarðar kr.
<b>Opinber tala 31/12/92.....</b>	<b>86</b>	<b>181,3</b>
Frá dregst:		
Taka ekki við iðgjöldum .....	11	3,7
"Deildir" í LSR.....	3	—
Sameinast 1993 .....	6	—
Starfandi sjóðir .....	66	177,6
Par af séreignarsjóðir .....	11	4,3
<b>Starfandi sameignarsjóðir.....</b>	<b>55</b>	<b>173,3</b>
Par af:		
Með ábyrgð ríkissjóðs .....	2	20,2
Með ábyrgð sveitarfélaga .....	9	3,6
Með ábyrgð banka .....	2	5,3
<b>Sjálfstæðir sameignarsjóðir.....</b>	<b>42</b>	<b>144,1</b>

Opinber tala um fjölda lífeyrissjóða er 86. Þetta er sú tala sem við heyrum ofást nefnda í umræðunni þegar rætt er um hve lífeyrissjóðakerfið sé stórt, hvað það sé viðurlutamikil, hvað sjóðirnir séu óskaplega margir og hvað kerfið sé ógnarlega flókið. En þegar nánar er að gáð eru sjóðirnir hreint ekki svona margir. Af þessum 86 eru einir 11 sem taka ekki lengur við iðgjöldum. Þá tel ég einnig frá 3 sjóði sem eru nánast deildir í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og eru höfuðstólslausir. Stöðan hefur sjóðum fækkað vegna sameiningar um 6 í byrjun þessa árs. Alls má því lækka hina opinberu fjöldatalu um 20 þannig að í reynd eru starfandi sjóðir 66 að tölu. Höfuðstóll þessara sjóða er röskir 180 milljarðar króna og að frádregnum þeim sjóðum, sem ekki taka við iðgjöldum, er höfuðstóll hinna starfandi 66 sjóða 177,6 milljarðar króna í ársbyrjun. Af þessum 66 sjóðum eru 11 séreignarsjóðir, en um þá ætla ég í raun ekkert að ræða því ég tel ekki að séreignarsjóðir séu lífeyrissjóðir í venjulegum skilningi.

Starfandi sameignarsjóðir eru 55 talsins. Þetta tel ég vera þá sjóði sem lögunum um skyldurýggingu lífeyrisréttinda er ætlað að taka til, og að mínu áliti uppfylla séreignarsjóðir ekki skilyrði laganna til að þeir geti annast skyldurýggingu lífeyrisréttinda.

Sameignarsjóðirnir 55 hafa röklega 170 milljarða króna höfuðstól. Höfuðstóllinn er hér tilgreindur sem hrein eign til greiðslu lífeyris. Sjóðirnir skipast þannig að 13 sjóðir eru með ábyrgð launagreiðenda, þar af tveir sjóðir ríkisstarfsmanna með ábyrgð ríkissjóðs, 9 sjóðir starfsmanna sveitarfélaga eru með ábyrgð viðkomandi sveitarfélaga og 2 sjóðir bankastarfsmanna eru með ábyrgð viðkomandi banka. Með því að telja eingöngu sjóði, sem taka við iðgjöldum og starfa án ábyrgðar launagreiðenda, þá erum við með 42 sjálfstæða sameignarsjóði. Þetta eru þeir sjóðir sem við erum fyrst og fremst að tala og hugsa um, þar á meðal allir SAL-sjóðirnir. Af þeim 86 sjóðum sem við byrjuðum með, endum við þannig með 55 sameignarsjóði og þar af 42 sjóði sem starfa á eigin ábyrgð.

Tafla 2. Sameignarsjóðir — Nokkun eftir stærð höfuðsstóls

		Metalsærð höfuðstóls 31/12/92
	Fjöldi sjóða	milljarðar króna
Með ábyrgð ríkis .....	2	10,1
Með ábyrgð sveitarfélaga .....	9	0,4
Með ábyrgð banka .....	2	2,6
Sjálfstætt starfandi .....	42	3,4
Höfuðstóll >20,0 milljarðar kr. ....	1	26,4
Höfuðstóll 10,0-19,9 milljarðar kr. ....	1	15,0
Höfuðstóll 5,0-9,9 milljarðar kr. ....	6	7,2
Höfuðstóll 3,0-4,9 milljarðar kr. ....	7	3,9
Höfuðstóll 2,0-2,9 milljarðar kr. ....	6	2,6
Höfuðstóll 1,0-1,9 milljarðar kr. ....	4	1,7
Höfuðstóll 0,8-0,9 milljarðar kr. ....	5	0,9
Höfuðstóll 0,6-0,7 milljarðar kr. ....	3	0,7
Höfuðstóll < -0,6 milljarðar kr. ....	9	0,4

Við skulum nú halda okkur við þessa 42 sjálfstæðu sameignarsjóði en jafnframt hyggja nokkuð að hinum sameignarsjóðunum 13 sem starfa með ábyrgð launagreiðenda. Sjóðirnir eru ákaflega missórir, eins og vel er kunnugt, og það kemur gjöggft fram á nokkrum þeim mælikvörðum sem ég sýni hér. Eg sýni fyrst dreifingu sjóðanna eftir stærð höfuðstóls þeirra. Rétt sýnist að halda "ábyrgðarsjóðunum" sér. Þeir eru mjög misjafnir að stærð þótt ég leyfi mér samræmisins vegna að sýna meðalstærð þeirra. Þetta á ekki síst við um lífeyrissjóði sveitarfélaga. Þeir eru 9 að tölu en þar af er aðeins einn af sæmlegri stærð. Hinir eru smásjóðir. Um "ábyrgðarsjóðina" skipitir þó miklu meira máli að tölur um höfuðstól þeirra segja ekki nema takmarkaða sögu. Lífeyrisskuldbindingar þeirra eru langt umfram hreina eign þeirra til greiðslu lífeyris og þótt hið sama kunnir að mega segja um hluta "sjálfstæðu" sameignarsjóðanna þá er staða þessara tveggja tegunda gjörólík. Reikna verður með að ábyrgðaraðilar lífeyrissjóða ríkis, sveitarfélaga og banka standi við skuldbindingar sjóðanna og lífeyrisgreiðslur verði því langt umfram það sem höfuðstóll

þeirra gefur til kynna. Þessu er ekki að heilisa um "sjálfstæðu" sameignarsjóðina, greiðslugeta þeirra er og verður takmörkuð við eignir þeirra.

Tölurnar um flokkun hinna 42 sjálfstætt starfandi sameignarsjóða eftir stærð höfuðstóls þeirra sýna vel hve dreifingin er mikil. Einn sjóðanna er miklu stærstur (Lífeyrissjóður verslunarmanna, 26,4 milljarðar) og munar meira en 11 milljörðum á honum og hinum næststærsta (Lífeyrissjóður sjómanna). Þá koma 6 sjóðir með höfuðstól á bilinu 5-10 milljarðar. Sjóðir með meira en 5 milljarða í hreina eign eru því aðeins 8 að tölu. Þannig má rekja þetta áfram; af 42 sjóðum eru 15 sem hafa yfir 3 milljarða í höfuðstól og einungis helmingurinn hefur höfuðstól yfir 2 milljarða. Minnstu sjóðirnir eru heldur ekki beysnir, meðaleign hinna 9 minnstu er um 400 milljónir og alls eru sjóðirnir 17 sem eru undir 1 milljarði í höfuðstól.

Þessi óhagstæða stærðardreifing hefur mikil og óheppileg áhrif á starfsemi sjóðanna. Þetta kemur m. a. fram af tölum um rekstrar kosnað þeirra. En hlum fyrst á lífeyrisbyrði þeirra.

**Tafla 3. Sameignarsjóðir — lífeyrisbyrði**

	Fjöldi sjóða	Lífeyrisbyrði %
Með ábyrgð ríkis .....	2	75,0
Með ábyrgð sveitarfélaga .....	9	64,4
Með ábyrgð banka .....	2	25,3
Sjálfstætt starfandi .....	42	30,3
Höfuðstóll >20,0 milljarðar kr. ....	1	23,0
Höfuðstóll 10,0-19,9 milljarðar kr. ....	1	28,5
Höfuðstóll 5,0-9,9 milljarðar kr. ....	6	39,7
Höfuðstóll 3,0-4,9 milljarðar kr. ....	7	21,8
Höfuðstóll 2,0-2,9 milljarðar kr. ....	6	35,3
Höfuðstóll 1,0-1,9 milljarðar kr. ....	4	36,7
Höfuðstóll 0,8-0,9 milljarðar kr. ....	5	35,4
Höfuðstóll 0,6-0,7 milljarðar kr. ....	3	17,9
Höfuðstóll < -0,6 milljarðar kr. ....	9	31,1

Í töflu 3 kemur fram lífeyrisbyrði sameignarsjóða, þ.e. lífeyrisgreiðslur sjóðanna í hlutfalli af íðgjaldatekjum þeirra. Sem fyrr er sjóðunum hér skipt í stærðarflokka eftir höfuðstól þeirra. Meðalllífeyrisbyrði hinna sjálfstætt starfandi sjóða var rösklega 30% árið 1992. Hún er mjög misjöfn hjá sjóðunum eða allt frá 2% upp í 77% hjá einstökum sjóðum (hjá einum sjóði sem enn tekur við íðgjöldum er lífeyrisbyrðin þó raunar 140% af íðgjaldstekjum) en meðaltölur einstakra stærðarflokka eru á bilinu 18-40%. Enga reglu er hér að sjá og engin samsvörun sýnist vera milli stærðar höfuðstóls og lífeyrisbyrði, eins og hún er hér skilgreind. Aldursskipting í sjóðunum ræður hér væntanlega miklu. Lífeyrisbyrði sjóða með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga er mjög þung skv. töflu 3. En hér verður vitaskuld að hafa í huga að verð er að greiða lífeyri með þáttöku ábyrgðaraðila vegna réttinda, sem talin eru kosta í reynd sem svarar um

25% iðgjaldi af tekjum meðan iðgjaldið er einungis 10%. Svo það er ekki að undra þótt lífeyrisbyrðin sé þung.

**Tafla 4. Sameignarsjóðir — kostnaður**

	Kostnaður		
	Fjöldi sjóða	% af ið-gjöldum	% af eignum
Með ábyrgð ríkis .....	2	2,50	0,25
Með ábyrgð sveitarfélaga .....	9	3,04	0,37
Með ábyrgð banka .....	2	2,74	0,20
Sjálfstætt starfandi .....	42	4,43	0,39
Höfuðstóll >20,0 milljarðar kr. ....	1	1,98	0,18
Höfuðstóll 10,0-19,9 milljarðar kr. ....	1	2,04	0,22
Höfuðstóll 5,0-9,9 milljarðar kr. ....	6	5,28	0,42
Höfuðstóll 3,0-4,9 milljarðar kr. ....	7	4,64	0,45
Höfuðstóll 2,0-2,9 milljarðar kr. ....	6	6,36	0,49
Höfuðstóll 1,0-1,9 milljarðar kr. ....	4	4,79	0,45
Höfuðstóll 0,8-0,9 milljarðar kr. ....	5	8,29	0,57
Höfuðstóll 0,6-0,7 milljarðar kr. ....	3	9,27	1,03
Höfuðstóll < -0,6 milljarðar kr. ....	9	6,56	0,61

Við komum nú að kostnaðinum við rekstur sjóðanna og í töflu 4 sýni ég hann í hlutfalli við iðgjöld annars vegar og eignir hins vegar. Sem fyrr sýðst ég við skipingu í stærðarflokka eftir stærð höfuðstóls. Raunar mætti ekki síður ráða sjóðunum í stærðarflokka eftir fjölda sjóðfélaga og kanna kostnaðinn með því móti en niðurstöður verða mjög svipaðar. Og sannarlega eru þær eftirtektarverðar, vafalaust kannast margir við þær en a.m.k. ætti þetta að vera öllum lífeyrissjóðamönnum vel þekkt og mikið umhugsunarefni.

Sé fyrst liðið til talna um rekstur ábyrgðarsjóðanna sýnist kostnaður þeirra tiltölulega lítill. Hér kann að vera að tölurnar séu blandaðar, þ.e. að rekstrarkostnaðurinn sé að einhverju leyti dulinn þar sem hann komi ekki fram með skýrum hætti heldur sé inni með öðrum rekstri Tryggingastofnunar ríkisins, bæjarfélaganna og bankanna sem í hlut eiga. Því getur naumast verið til að dreifa hjá sjálfstæðu sameignarsjóðunum. Rekstrarkostnaður þeirra var að meðaltali um 4,4% af iðgjöldum árið 1992, 0,4% af eignum. En þarna segir meðal talið aðeins litla sögu því kostnaðurinn er mismikill og því meiri sem sjóðurinn er minni. Hjá stærstu sjóðunum tveimur er rekstrarkostnaður um 2% af iðgjöldum og 0,2% af eignum. Hjá minni sjóðunum er kostnaðurinn miklum mun meiri. Hann er yfirleitt á bilinum 5-6% af iðgjöldum, 0,4-0,5% af eignum, hjá sjóðum, sem hafa yfir 1 milljarð í höfuðstól, og 8-9% af iðgjöldum, 0,6-1% af eignum hjá þeim sjóðum sem eru enn minni. Ekki er fullkomin regla í tölunum, þær eru allbreytilegar en niðurstaðan er ótvíræð. Því minni sjóður því dýrara er að reka hann. Og vitaskuld sketðist lífeyrisgreiðslugetan af sama skapi. Nú kann að vera að einhver komi auga á að allra minnstu sjóðirnir sýnast raunar ódýrari í rekstri en þeir sem eru í tveimur næstu stærðarflokkun fyrir ofan. Reglan eigi því ekki við. En því er ekki að heilsa. Sé liðið á rekstrarkostnaðartölur fyrir einstaka sjóði

meðal hinna allra minnstu virðist margar talnanna ekki marktækar einfaldlega vegna þess að enginn kosnaður kemur fram hjá nokkrum sjóðum. Þetta gæti þýtt að kosnaðurinn væri talinn annars staðar eða að sjóðirnir geri ekki grein fyrir honum í bókhaldi sínu eða — að þessir sjóðir séu raunverulega ekki með nokkurn einasta rekstur. Og þá veltir maður því fyrir sér hvað þeir séu eiginlega að gera? Svo mikið er víst að þeir sjóðir eru til þar sem enginn virðist svara í síma og illmögulegt er að komast í samband við. Þetta hef ég reynt nú síðustu dagana þegar ég hef verið að reyna að fá upplýsingar um fjölda í sumum sjóðanna sem ekki hafa gefið upp tölur um það til bankaefirlitsins.

Tafla 5. Sameignarsjóðir — virkir sjóðfélagar

Stærðarfl. Höfuðstóll milljarðar kr.	Fjöldi sjóða	Meðal- fjöldi í sjóði	Heildar- fjöldi í sjóðum	Sam- lagður fjöldi	%
> 20.000 .....	2	23.000	46.000	46.000	29
9-19.999 .....	2	10.500	21.000	67.000	42
5-8.999 .....	7	6.100	42.700	109.700	68
3-4.999 .....	5	3.400	17.000	126.700	79
2-2.999 .....	8	2.400	19.200	145.900	91
1-1.999 .....	4	1.200	4.800	150.700	94
700-999 .....	5	800	4.000	154.700	96
400-699 .....	6	500	3.000	157.700	98
≤399 .....	16	200	3.300	161.000	100
Alls .....	<u>55</u>			<u>161.000</u>	
≤4.999 .....	45	1.140	51.300		

Tölur um fjölda felaga í lífeyrissjóðum eru nokkuð á reiki. Töluvert skortir á að sjóðfélagar séu taldir með samræmdum hætti og oft tekur talningin til ólíkra tímabila. Sumir sjóðir gefa upp tölu allra þeirra sem greitt hafa iðgjald í sjóðinn á árinu. Hjá öðrum er talin fjöldinn sem greitt hefur á einhverju tilteknu þriggja mánaða tímabili. Enn aðrir miða fjöldatölur sínar við iðgjaldsgreiðendur einhvern einn mánuð. Það væri satt að segja verðugt verkefni að koma skikki á þetta og mér finnst að SAL og Landssamband lífeyrissjóða ættu að beita og mér finnst að samræmda talningu á fjölda sjóðfélaga. Þess háttar talningu væri líklega best að miða við þá sem hafa greitt iðgjald til sjóðs í einum tilteknum mánuði eða e.t.v. tveimur mánuðum að vettarlagi. Þá held ég að við fengjum sæmlega marktækar fjöldatölur.

Tafla 5 sýnir stærðardreifingu 55 sameignarsjóða eftir fjölda sjóðfélaga, þ.e. þeirra 13 sjóða, sem eru með ábyrgð launagreiðenda, og hinna 42 sem starfa á eigin ábyrgð. Þarna kemur fram að í tveimur sjóðum er fjöldi sjóðfélaga yfir 20.000. Í þessum tveimur sjóðum eru alls 46.000 sjóðfélagar eða 29% af öllum iðgjaldsgreiðendum í landinu. Næsti stærðarflokkur er svolfið kjánalegur á að líta því stærðarbilð er svo vítt,

par eru einungis tveir sjóðir með alls um 21.000 sjóðfélaga. Samtals eru því 67.000 félagar í fjórum stærstu sjóðunum og svarar það til 42% af heildarfjölda iðgjaldsgreiðenda í landinu. Þriðji stærðarflokkurinn, 5.000-8.999 manns, telur 7 sjóði. Hér kemur einnig fram að í 11 sjóðum, sem hafa 5.000 eða fleiri virka sjóðfélaga, eru 68% allra iðgjaldsgreiðenda. Þannig má rekja sig niður eftir töflunni og er þá sérstaklega eftirtektarverkt hve fáir bættast við heildarfjöldann með hverjum stærðarflokki, þ.e. hve hlutfall sjóðfélaga af heildarfjöldanum er lítið í minnstu sjóðunum. Sem fyrr segir eru 68% allra iðgjaldsgreiðenda í 11 stærstu sjóðunum, þ.e. þeim sem hafa 5.000 féлага og fleiri. Með öðrum orðum eru 32% allra greiðenda í þeim 44 sjóðum sem telja færri en 5.000. Færum við töluna niður um einn stærðarflokk í 3.000 féлага, bættast 5 sjóðir við, 17.000 greiðendur og hlutfallið af heildinni færist upp í 79%. Sé farið enn neðar sést hve margir sjóðir bættast við en fáir sjóðfélagar. Í þremur minnstu stærðarflokkunum eru 27 sjóðir af 55, þ.e. nær helmingur sjóðanna, en fjöldi sjóðfélaga er einungis um 10.000 eða sem svarar til þess að meðalfjöldi í sjóði sé innan við 400. Minnsti stærðarflokkurinn, þ.e. 399 sjóðfélagar og færri, er um leið raunalegastur. Þarna eru 16 sjóðir með samtals röskegla 3.000 sjóðfélaga eða um 200 féлага til jafnaðar í hverjum sjóði og aðeins um 2% af heildarfjölda iðgjaldsgreiðenda.

Fyrir neðan heildarölu virkra sjóðfélaga í töflu 5 hef ég dregið strík og neðan þessa stríks set ég í einn pott alla sjóði sem hafa færri en 5.000 iðgjaldsgreiðendur. Þetta geri ég vitaskuld til að ögra ykkur og til að benda á að þetta er viðfangsefnið. Þarna sjáum við að sjóðir með færri en 5.000 féлага eru 45 að tölu af 55 sjóðum alls. Í þessum 45 sjóðum eru 51.300 manns eða 1.140 að meðaltali í hverjum sjóði. Að mínu viti má líta á þetta sem viðfangsefni lífeyrissjóðaforkólfa, að taka þessa 45 sjóði og sameina þá innbyrðis eða öðrum stærri sjóðum. Með öðrum orðum er verkefnið að stækka sjóðina og fækka þeim að mun.

**Tafla 6. Sameignarsjóðir — nokkrar kennitölur 1992**

	Sjóðir með ábyrgð launagr.	SAL- sjóðir	Aðrir sameignar- sjóðir
Lífeyrisbyrði % .....	69,8	29,3	32,5
Endingartími eignar, ár .....	16	40	39
Kostnaður % af iðgjöldum .....	2,7	5,7	3,5
Raunávöxtun			
m.v. lánskjárvísitölu .....	6,4	7,7	7,5

Í töflu 6 set ég fram nokkrar kennitölur fyrir sameignarsjóðina 55 árið 1992, þ.e. lífeyrisbyrði, endingartíma eignar, kostnað sem hlutfall af iðgjöldum og raunávöxtun. Sjóðunum er hér skipt í þrennt, sjóði með ábyrgð launagreiðenda, SAL-sjóði og aðra sameignarsjóði.

Samkvæmt þessum tölum er lífeyrisbyrðin um 70% af iðgjöldum hjá sjóðum með ábyrgð launagreiðenda en um og yfir 30% hjá öðrum

sameignarsjóðum. Þennan mun nefndi ég hér áður. Að nokkru kann hann að stafa af mismunandi aldurssamsetningu í sjóðunum en mestu skipptir þó líklega að ábyrgðarsjóðirnir eru að greiða út ríkulegan lífeyri, þ.e. vegna réttinda sem talin eru svara til 25% af tekjum, sem hér er borinn saman við innstreymi iðgjalda sem nema 10% af tekjum greiðenda. Svipuð skýring á við um þann mun, sem fram kemur á endingartíma eignar, en hann er 16 ár hjá ábyrgðarsjóðunum en 40 ár hjá öðrum sameignarsjóðum. Eignir ábyrgðarsjóðanna, sem myndast af 10% iðgjöldum, eru vítaskuld hlitar miðað við lífeyrisskuldbindingar og geta því aðeins staðið undir lífeyrisgreiðslum um skamman tíma. Raunveruleikinn er svo allt annar því atvinnurekendur bera hér ábyrgðina og axla drjúgan hluta lífeyrisgreiðslanna. Þeir eru og í miklum skuldbindingum vegna þessa. Áætlað hefur verið að í árslok 1992 hafi heildarskuldbindingar launagreiðenda umframt hreinar eignir í lífeyrissjóðum ríkisins numið yfir 80 milljörðum króna.

Tölur um rekstrarkostnað þeirra þriggja flokka sjóða, sem tafla 6 tekur til, sýnir meiri rekstrarkostnað hjá SAL-sjóðunum en öðrum sjóðum. Fyrir þessu geta verið ýmsar ástæður. Þegar hefur verið vikið að því að hluti af rekstrarkostnaði ábyrgðarsjóðanna gæti verið illa talinn í reikningum þeirra þar sem hann blandast rekstri ábyrgðaraðilanna. Þá er innheimtukostnaður ábyrgðarsjóða mjög líflí, innheimtan gerist sjálfkrafa að mestu leyti, og hið sama á við um einn stóran sjóð í hópi "annarra sameignarsjóða". Þessu er ekki að heilisa hjá SAL-sjóðunum. Þá eru iðgjöld til SAL-sjóðanna undantekningarlaust 10% af tekjum en eru talsvert hætti hjá ýmsum öðrum sameignarsjóðum og hlutfall kostnaðar af iðgjöldum því lægra en ella.

Raunávöxtun sjóðanna er áberandi lakari hjá ábyrgðarsjóðunum en hinum sjálfstætt starfandi sameignarsjóðum. Nærrækt er að ætla að þetta stafir af því að ábyrgð launagreiðenda á lífeyrisgreiðslum dragi úr viðleitni til að ná sem hagstæðastri ávöxtun eigna á hverjum tíma.

#### **Fjárhagsstaða**

Tölur bankaeftirlisins um fjárhagsstöðu lífeyrissjóðanna, sem byggðar eru á tryggingafræðilegum úttektum, segja talsverða sögu en eru sundurlausar. Tryggingafræðilegar úttekir hafa verið gerðar hjá flestum sameignarsjóðunum undanfarin ár. Fæstir sjóðanna sýnast þó teknir út með reglubundnu millibili eða með reglubundnum hætti. Því miður eru þessar úttekir ekki samberlegar. Þær eru gerðar á mismunandi tíma á árablinnu 1987 til 1992, en meirihlutinn miðast þó við eitthvert áramna 1989-1992. Mjög er misjafnt hvaða vöxtum er beitt við matið. Það er mjög jákvætt hversu það hefur fæst í vöxt að lífeyrissjóðirnir láti meta stöðu sína. Aftur á móti er það miður hve mikið skortir á að úttektirnar séu sambærilegar. Samkvæmt lögum skal bankaeftirlitið hafa eftirlit með að lífeyrissjóðir fari eftir ákvæðum laga og reglna um endurskoðun og gerð ársreikninga lífeyrissjóða. Á þessum grundvelli getur bankaeftirlitið naumast skikkad sjóðina til að láta gera úttekir en e.t.v. gæti það borið árangur að það mælist til þess að slíkar úttekir væru gerðar með samræmdum hætti hjá öllum sjóðunum.

Þótt hinar tryggingafræðilegu úttekir séu sundurleitari en æsklilegt er gefa þær engu síður nokkra mynd af ástandi sjóðanna. Þannig kemur skýrt fram að staða sameignarsjóðanna er mjög misjöfn. En úttektirnar



segja ekki alla sögu því þær eru miðaðar við tiltekna, fastar ávöxtunartölur, ofast 2% sé miðað við laun en 3,0-3,5% sé ávöxtunin metin á mælikvarða lánskjaravísitölu. Á hinn bóginn hafa sjóðirnir búið við mun betri ávöxtun eigna sinna nokkur undanfarin ár. Þessar eignir verða áfram með háum vöxtum næstu árin þótt vextir á nýjum eignum sjóðanna verði lægri. Sé tekið tillit til þessarar ávöxtunar umfram viðmiðunarvexti verður staða sjóðanna talsvert betri en ella. Þetta breytir þó ekki því að meðan margir sjóðir standa þokkalega eru þó nokkrir sjóðir vel fyrir neðan strik, þ.e. eiga ekki fyrir skuldbindingum að óbreyttu og án þess að gripjið sé til sérstakra ráðstafana. Og nokkrir þessara sjóða eru svo bágir að naumast er forsvaranlegt að þeir haldi áfram að taka við iðgjöldum.

En hver er þá niðurstaðan eftir allt þetta langa spjalla og mörgu tölur? Hver er staða sjóðanna?

Niðurstaða mín er sú að hún sé ekki nógu góð. Sjóðirnir eru of margir, of litlir, of dýrir og nokkrir eru allt of illa staðir. Staðan hefur þó batnað verulega að undanförnu þar sem sjóðirnir hafa náð ágætri ávöxtun nokkur síðustu árin.

### **Framtíðarhorfur**

Vangavelur minar um framtíðarhorfur lífeyrissjóðanna ætla ég að seija fram þannig að mér sýnast horfurnar háðar nokkrum mikilvægum skilyrðum. Sum þessara vil ég nefna ytri skilyrði en það eru þau skilyrði sem löggið, stjórnsvið og markaður seija sjóðunum. Önnur nefni ég innri skilyrði en þau snúa ekki aðeins að rekstri og innri málefnum sjóðanna heldur einnig að vilja þeirra, frumkvæði og framgangi við að móta og endurbæta lífeyrissjóðakerfið í heild sinni.

Ég ætla hér á eftir að fjalla lauslega um nokkur þessara skilyrða sem ég nefni svo.

### **Ytri skilyrði**

#### *Löggið um starfsemi lífeyrissjóða*

Engin heildarlöggjöf er til um starfsemi lífeyrissjóða og sú löggjöf, sem til er, er brotakennd og ófullnægjandi. Í reynd eru lögin aðeins þrenn sem máli skipita: Lög um skyldutryggingu lífeyrisrétinda, lög um skráningu lífeyrisrétinda og lög um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða. Það eru aðeins síðastnefndu lögin sem seija lífeyrissjóðunum einhver skilyrði um rekstur þeirra. Þessi lög eru betri en engin en þau eru þó ófullnægjandi þar sem botninn vantar í þau. Það eru engin ákvæði í lögnum um hvað skuli taka til bragðs ef sjóðir lúta ekki reglum eða fara ekki að ábendingum. Það eru víst 17 ár frá því farið var að ræða um að seija þyrfti heildarlöggjöf um starfsemi lífeyrissjóða. Ég er þeirrar skoðunar að ekki sé síður ástæða til þess nú. Vissulega hefur ýmsu verið breytt til batnaðar. Upritaka verðtryggingar markaði t.d. þáttaskil. Rekstur sjóðanna hefur yfirleitt batnað, bæði vegna ráðstafana sem þeir hafa gripjið til og vegna mikillrar ávöxtunar. En þetta breytir ekki því að nauðsynlegt er að sett verði heildarlöggjöf um starfsemi sjóðanna.

Til er stofn að lagafrumvarpi sem unnið var að í allmörðg ár. Þetta frumvarp er vitaskuld orðið ansi gamalt og fullljóst er að ekki er það gallalaust. En þennan stofn má samt nýta og hann ætti að nýta að mínu viti. Víst er að menn voru misvel sáttir við einstök ákvæði þessa frumvarps. Engu síður held ég að lífeyrissjóðamenn hafi flestir verið

allvel sáttir við meginákvæði frumvarpsins. En hvað eiga lög að þessu tagi að kveða á um?

Í fyrsta lagi þurfa heildarlög um starfemi lífeyrissjóða að kveða á um skilyrði lífeyrissjóðastarfssemi og eftirlit með henni. Eg ált að slík lög eigi einungis að taka til skyldutryggingar lífeyrisréttinda en ekki til fjálsra trygginga. Þar með er það skoðun mín að löggin eigi einvörðungu að taka til hinna eiginlegru lífeyrissjóða með sameignarsníði. Það er þeirra hlutverk að annast skyldutrygginguna. Vettvangur séreignarsjóða og fyrirtækja er hinn fjálsi sparnaður, ekki skyldutrygging.

Í öðru lagi þurfa löggin að kveða á um iðgjöld og réttindi. Í gamla frumvarpinu voru mjög ítarleg ákvæði um þetta en ég tel nú heppilegra að hafa slík ákvæði ekki mjög nákvæm þannig að sjóðirnir hafi nokkurt svigrúm til að ákveða sjálfir hvernig megi haga réttindamynduninni í smáatriðum.

Í þriðja lagi þarf að setja það skilyrði að eignir sjóðs dugi jafnan fyrir skuldbindingum. Að öðrum kosti verði sjóðir að grípa til ráðsrafana til að laga stöðu sína eða verði lagðir niður ella. Jafnframt þurfa að vera ákvæði um reglugerðir sjóða, um ávöxtun fjár, um stjórnr, ársreikninga og endurskoðun. Síðastnefndu ákvæðin eru þegar í lögum en til þess að ranninn verði heill þarf að setja þau í samhengi heildarlögjafar. Við þau þarf þá auka ákvæðum um útræði, þ.e. að kveða þarf á um að sjóðir séu háðir starfsleyfi og að þau skuli afturkölðuð uppfylli sjóðir ekki lagaskilyrðin. Eins og lagt var til í gamla frumvarpinu ætti í þessu sambandi að kveða á um slit sjóðs eða sameiningu við aðra sjóði. Loks þurfa að vera ákvæði um heildsæða skráningu lífeyrisréttinda.

Mörg álitamáli eru uppi í þessum efnum. Ekki síst hefur mönnum sýnst sitt hverjum um gildissvið laganna, hvort heildarlöggjöf eigi að taka jafnt til allra lífeyrissjóða. Á ég þá við sameignarsjóði eingöngu því að mínu áliti á þessi löggjöf ekki við um séreignarsjóði, þ.e. fjálsar tryggingar með séreignarsníði. Það eru önnur lög sem gilda um hinn fjálsa sparnað manna. Spurningin um gildissviðið snerist á sínum tíma um það hvort löggin ættu að taka með sama hætti til þeirra sjóða sem njóta ábyrgðar launagreiðenda og hinna sem ekki gera það og verða að standa undir skuldbindingum með eignum sínum. Málið snerist eiginlega um það hvort leyfa ætti slíka ábyrgð. Í þessu efni held ég að menn verði að gera sér ljóst að verði haldið fast við kröfuna um að gjaldþol sjóða skuli eingöngu miðað við eignir og ekki skuli tekið tillit til ábyrgðar launagreiðenda þá sé hætt við að þetta valdi enn miklum ágreiningi og teji málið til muna.

Annað álitamáli er hverjum eigi að vera heimilt að stunda lífeyrissjóðastarfsemi, þ.e. að annast skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Í þessu samband má benda á að nú liggja fyrir Alþingi tvær tillögur um málefni lífeyrissjóða eða lífeyristryggingar á borð við þær sem lífeyrissjóðirnir annast nú. Þessar tillögur gera báðar ráð fyrir fullu frelsi í þessum efnum — það á nánast að vera frít fram fyrir alla að annast skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Það skýtur skökku við að þessar tillögur séu settar fram á sama tíma og lífeyrissjóðakerfinu er fundið allt til foráttu vegna þess hve sjóðirnir eru margir og smáir og kerfið flókið. Mér sýnist þá fyrst yrði kerfið flókið ef þessar tillögur næðu fram að ganga.

Mín skoðun er sú að setja eigi jafnaðarmerki milli skyldutryggingar og samtryggingar, að skyldutrygging geri kröfu til samtryggingar. Það séu þannig samtryggingarsjóðir sem eigi að annast skyldutryggingar með

samtryggingarsníði. Aðrir aðilar, svo sem tryggingarfélag, bankar, sparisjóðir og verðbréfasjóðir geti annast fjálfásar tryggingar umfram það sem skýlt er. Slíkir aðilar (og lífeyrissjóðirnir líka ef þeir kjósa að starfrækja séreignardeildir) geti annast einstaklingsbundinn og fjálfásan lífeyrisspamað með séreignarsníði.

Ég kem þá að öðru álitamáli sem er lágmarkssærð lífeyrissjóðs. Það er svo margt sem bendir til þess að ekki sé verjandi að láta líta sjóði starta að ég er kominn á þá skoðun að rétt sé að seja við því skorður í lögum. Þetta var mikið rætt á sínum tíma en við sem stóðum að samningu lífeyrissjóðafrumvarpsins heyktumst á því þá. Bæði var að þetta var naumast talið viðurkvæmlega og eins var talið að yrði frumvarpið að lögum yrðu mjög mörg ákvæði í því sem gerðu litlum sjóðum erfitt um vik og hvetu til sameiningar sjóða, fækkunar þeirra og stækkunar. Ég skal viðurkenna að þvingun af þessu tagi er ekki geðfelld. En þót löggin væru aldrei sett hefur umræðan haldið áfram og lífeyrissjóðakerfið verið gagnrýnt. Athyglin hefur beinst m.a. að fjölda sjóða og mismunandi rekstrarkostnaði þeirra, m.a. eftir særð. Viðbrögðin hafa þó verið takmörkuð, nokkrir sjóðir hafa að vísu verið lagðir niður eða sameinaðir öðrum en við sitjum enn uppi með mjög margum litla sjóði.

Ég sagði áður að margt mætti með fækkun og stækkun sjóða. Ég hef þegar rakið tölur sem sýna tiltölulega mikinn rekstrarkostnað hjá litlum sjóðum. Ekki skiptir minna máli að mun meiri áhætta er tekin með rekstri litilla sjóða en stórra. Áhættan felst í ýmsu. Benda má á áhættu af óhagstæðri aldursdreifingu í sjóðum en hún verður því meiri þeim mun minni sem sjóðirnir eru. Sama gildir um áhættu af örorku. Hún er því meiri sem sjóðirnir eru minni. Það felst einnig í því sérstök áhætta þegar sjóðir eru bundnir við ákveðin byggðarlög. Eða einskorðaðir við ákveðnar starfsstéttir. Með þessu er tekin áhætta af því að sérstök áföll verði í byggðarlaginu eða í starfsstéttinni. Áhættan dreifist mun meira starfi sjóðirnir á stóru svæði eða landinu öllu og ef sjóðfélagarnir eru í ólíkum starfsstéttum. Ég vil ítreka niðurstöðuna, að það sé svo margt, sem mæli með stórum sjóðum umfram smáa, að ekki verði undan því vikist að hafa í lögum ákvæði um stærðarmörk lífeyrissjóða.

Að síðustu vil ég í tengslum við löggjafarmálið nefna álitæfnið um hvort réttlætjanlegt sé að skylda menn til greiðslu iðgjalds til tiltekkins lífeyrissjóðs, eins og lögín um skyldurtryggingu lífeyrisrétinda gera nú. Þetta mál er mjög viðkvæmt nú vegna þess hve auðvelt það er að sýna fram á að í nokkrum dænum er verið að þvinga menn til að greiða til lífeyrissjóða sem eiga sér ekki viðreisnar von. Ég hef þegar rakið hve misjónfjárhagsstaða sjóðanna er. Ljóst er að sá maður sem er þvingaður til að greiða til lífeyrissjóðs, sem stendur vel og hefur lágan rekstrarkostnað, má vel við una. Hinna sem er þvingaður til að greiða til litils sjóðs, sem tiltölulega mikil áhætta felst í, er með ótryggan rekstur, mikinn rekstrarkostnað og bága fjárhagsstöðu, hann er ekki eins sæll með hlutskipti sitt. Ég hef ekki við því svar á reidum höndum hvort aflétta eigi þessari skyldu. En benda má á að því kynni að fylgja nokkur áhætta um glundroða í kerfinu ef menn hypu í sífellu milli lífeyrissjóða. Að sumu leyvi sýnist mér að megi fresta þessu máli um sinn ef við sjáum fram á það að geta fækkad sjóðunum verulega og stækkað þá. Nálist árangur í þeim einum þannig að hér verði kerfi tiltölulega fárra og stórra sjóða horfir málið öðruvísi við. Kerfi af því tagi ætti að þola meiri sveigjanleika en það sem við búum við nú.

### *Tengslin við almannatryggingar*

Þessi tengsl skipa meginmáli og þau eru afar ófullnægjandi nú. Uppbygging lífeyristryggingakerfisins hér á landi hefur miðast við að almannatryggingakerfið annist grunntryggingar, sem eru hinar sömu til allra, en lífeyrissjóðir annist viðbótartryggingar sem eru háðar iðgjaldsgreiðslum og þar með tekjum manna á starfsævinni.

Tenging lífeyris frá almannatryggingum við samíðatekjur er andstæð forsendum þessa tvöfalda kerfis. Í þessari tekjuengingu felst að mönnum eru tryggðar ákveðnar lágmarkstekjur eftir að þeir fara á lífeyri og þeir eru þannig fyrtir ábyrgð á að búa sig undir að láta af launuðu starfi í lok starfsævi með sparnaði á starfsævinni. Tekjutrygging grefur því undan sparnaði í lífeyrissjóðum. Þar sem réttur til bóta almannatrygginga er gerður meiri hjá þeim, sem ekki greiða iðgjöld til lífeyrissjóðanna, en hinna sem greitt hafa iðgjöld, hefur þetta í för með sér að sé ekki hægt að tryggja að allir greiði til lífeyrissjóða með sama hætti er hæpið að lögjóða iðgjaldsgreiðslur til lífeyrissjóða.

Núverandi kerfi eilífeyris og tekjutryggingar almannatrygginga er ekki afleiðing tiltekinnar stefnumótunar í lífeyrismálum. Þróun þess hefur fyrst og fremst ráðist af kröfum um auknar greiðslur til lífeyrisþega og viðbrögðum almannavaldsins sem hafa mólast af skammtímasjónarmiðum um fjárhag ríkissjóðs. Það hefur verið ódýrara fyrir ríkissjóð að kosta hækkun tekjutryggingar en grunnlífeyris. Lengst af hafa fjárhæðir tekjutryggingar sífellt verið hækkaðar umfram grunntrygginguna, þ.e. eili- og örorkulífeyriri. Jafnframt hefur frítekjumark tekjutryggingar verið hækkað umfram launabreytingar þannig að tekjutrygging hefur orðið æ stærrí hluti af heildargreiðslum til eili- og örorkulífeyrisþega. Hlutverk tekjutryggingar er því allt annað nú en að var stefnt í upphafi.

Núverandi kerfi er einkum óviðunandi af eftiröldum ástræðum: i) Það letur til greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóða og grefur þannig undan sparnaði í lífeyrissjóðum, sem er þó lögboðinn; ii) lífeyrisþegum sem geta haft laun af starfi, eins og algengt er og margir sækjast eftir, er hegn fyrir það þar sem sjálfsafatakjur skerða rétt til tekjutryggingar; iii) starfstekjur skerða rétt til tekjutryggingar eins og fyrir sagði en eignatekjur gera það ekki; iv) fátanlegasta fyrirbragði kerfisins og það sem sýnir best hversu tilviljanakennt það er, er skattlagningin sem felst í skerðingarákvaðum tekjutryggingar að viðbætti álagningu tekjuskatts á lífeyri. Auðvelt er að sýna fram á að þegar saman fara skerðing tekjutryggingar og tekjuskattlagning verður útkoman bysna svakaleg. Jafnarskattur slíkrar tvöfaldrar skerðingar geiur orðið mjög hár eða að líkindum 65-70% hjá hjónum og 75-80% hjá einhleypum.

Við þessar aðstæður sýnist einkum tvenni koma til greina: Að leggja niður lífeyrissjóði, fela almannatryggingakerfinu allar lífeyristryggingar, hreinrækta tekjutryggingakerfi þess, sniða af því helstu agnúa. Og að laga það tekjuskattlagningu — eða að endurbæta lífeyriskerfið eins og að hefur verið stefnt af þeim aðilum sem standa að baki sjóðum ykkar, tengja það grunntryggingu almannatrygginga og fella niður tekjutrygginguna. Það virðist alls ekki álitlegt að viðhalda báðum kerfum í núverandi eða lítið breyttri mynd og óviðunandi með öllu er að auka tekjuengingu lífeyris frá almannatryggingum samtímis því sem reynt er að reka lífeyrissjóðastarfssemi á borð við þá sem að hefur verið stefnt í tillögum lífeyrissjóðanefnda.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé eitt megin skilyrði fyrir áframbaldandi rekstri lífeyrstrygginga á samfélagslegum grundvelli að mörkuð verði heildarstefna og skýrt kveðið á um hlutverk almennatrygginga og lífeyrissjóða innan ramma samfellds og samhæfðs kerfis lífeyristrygginga.

#### *Skattlagning lífeyrissparnaðar*

Eg ætla nú að vika nokkrum orðum að skattlagningu lífeyrisiðgjalda, því sem nefnt hefur verið tvísköttun lífeyrisiðgjalda. Er þá átt við það sem nú gildir að greiðsla iðgjalds af skyldutryggingu í lífeyrissjóði er hluti skattskyldra tekna og sama gildir um útgreiddan lífeyri. Með öðrum orðum það sem skylt er að leggja til hiðar til myndunar lífeyristéttinda er skattlagt og það sem út er greitt af sparnaðinum eftir að taka lífeyris er hafin er skattlagt. Þetta fyrirkomulag er gagnrýnt vegna tvískötunar. Þá má færa sterk rök fyrir því að sá hluti tekna, sem skylt er að greiða í lífeyrissjóð, eigi að vera skattfrjálst vegna þeirrar hvatningar til iðgjaldsgreiðslna sem skattfrélsið myndi fela í sér. Þetta hefði í för með sér að sparnaður í lífeyrissjóðum ykist og staða lífeyrisþega í framtíðinni batnaði. Af þessu leiddi því einnig minni þörf fyrir sérstakar uppþætur frá almennatryggingum, þ.e. á móti tekjutapi í sköttum kæmi lækkun úrgjalda hjá almennatryggingum.

Auk þess, sem hér hefur verið rakið má benda á, að frjálst sparnaður manna, t.d. í spariskirteinum ríkissjóðs, í verðbréfum og á bankareikningum, er skattfrjálst þegar hann er greiddur út. Sparnaður manna í lífeyrissjóðum er hins vegar að fullu skattskyldur, jafnvel í séreignarsjóðum, þegar hann er greiddur út sem lífeyrir. Þetta er engan veginn rökrétt og í þessu felst hrein mismunun milli sparnaðarforma.

Það er álit mitt að óhjákvæmlega sé að taka skattlagningu lífeyrisiðgjalda og lífeyris til gagngetrar endurskoðunar. Ég tel að stefna eigi að ákveðnu marki að skattfrélsi tekna sem varði er til greiðslu iðgjalda til skyldutryggingar í lífeyrissjóðum svo og að viðhalda eigi skattfrélsi uppsafnaðra skyldutrygginga í lífeyrissjóðum. Jafnvel þótt komi til skattlagningar fjármagns þá tel ég að uppsöfnun skyldutryggingar í lífeyrissjóðum eigi að vera skattfrjálst. Annars verum við eiginlega að pissa í skóinn okkar.

#### **Innri skilyrði**

##### *Stækkun sjóða og sameining*

Hér á undan hef ég farið með tölur sem sýna mikinn fjölda mjög lítilla sjóða og mikinn rekstrarkostnað þeirra. Einnfremur hef ég bent á þá áhættu sem felst í rekstri lítilla sjóða.

Óhjákvæmlega er að unnið verði markvisst að sameiningu og stækkun sjóða. Í þessu efni er vitaskuld best að sjóðirnir sjálfir hafi frumkvæði. Það á ekki að bíða eftir að þetta verði knúið fram með lögpvingun. Stétta- eða hrepparígar eða misskiilið sjálfstæðisbrölt má ekki ráða hér ferðinni, hvað þá svokölluð byggðasjónarmið. Með þessu er ekki sagt að ekki megi miða rekstur lífeyrissjóðs við tilekinn landshluta eða tileknar starfsstétir. En það verður að vara sterklega við því að binda rekstur lífeyrissjóða við fámenn byggðarlög og fámennar starfsstétir. Röksemdin að halda fjármagninu heima í héraði er engin röksemd, sjóðirnir kaupa jú mest öruggustu bréfin með tryggingu ríkisins. Að öðru leyri getur verið hættulegt fyrir líla staðbundna sjóði að binda mikið

fjármagn í heimbbyggð, hvort sem er hjá fyrirtekjum eða einstaklingum, vegna þeirrar áhættu sem þar með er tekin um staðbundin vandamál, um atvinnubrest, áföll, verðfall eigna o.s.frv.

#### *Tilteki og ráðstafanir vegna ónógs gjaldþóls*

Um þetta gildir hið sama og um stærkun sjóðanna að ekki á að biða þess að sjóðunum verði sett skilyrði í þessu efni. Miklu farsælla er að sjóðirnir geri það sjálfir. Gera þarf tryggingafræðilegar úttektir með samræmdum og reglubundnum hætti. T.d. ætíu bankaefirlitið og/eða SAL og LL að beita sér fyrir úttekt allra sjóða um næstkomandi áramót m.v. samræmdar forsendur um vexti eftir því hvernig verðtryggingu réttinda er háttað. Hjá sjóðum sem hafa ónógt gjaldþol, verður ekki komist hjá því að færa niður réttindi. Þetta hefur gerst við sameiningu eða niðurlagningu sjóða en þyrfti að gerast án slíkrar þvingunar. Þetta er hægara sagt en gert og getur verið mjög sársaukafullt. Aðliðgun í þessu efni er þó nauðsynleg því þeim mun meiri og lengur, sem halli er á sjóðunum, þeim mun erfiðara verður að halda sátt um skyldutrygginguna. Nauðsynlegt er að skoða réttindi í þessu sambandi og má þar sérstaklega nefna þau réttindi sem geta talist fela í sér oftryggingu eða of ríkulega tryggingu að tilhölu við önnur réttindi. Hér á ég sérstaklega við makalífeyri en um hann gildir að atvinnuþátttaka og tekjuöflun í þjóðfélaginu hafa tekið slíkum stakkaskiptum að makalífeyrir með gamla laginu á ekki rétt á sér lengur. Réttindaákvæðin eru að auki miðuð við allt aðrar forsendur um lífslíkur en nú gilda og kosnaðurnin af þeim miklu meiri en gert var ráð fyrir í upphafi. Ennfremur tel ég að endurmeta þurfi örorkulífeyrisréttindi, m.a. framreikningsreglur.

#### *Aukinn sveigjanleiki.*

Starfsemi lífeyrissjóða hefur verið í mjög föstum skorðum. Þótt íhaldsemi sé að vissu marki vafalaust dyggð í þessum efnum má hún þó ekki verða mönnum fjötur um fót. Mér sýnist nauðsynlegt að lífeyrissjóðirnir fari að beina sjónum sínum í ríkara mæli en hingað til frá þrengstu skyldum sínum við stjórnarborðið og að verkefnum sjóðanna og vanda í viðara skilningi. Í þessu sambandi mætti m.a. nefna nokkur atriði.

Auka þarf áhrif sjóðfélaga — stefna að auknu lýðræði í sjóðunum. Ég veit fullvel hvernig lífeyrissjóðirnir eru til komnir og hvaða aðilar standa að þeim. Það breytir ekki þeirri skoðun minni að ég tel nauðsynlegt að mælfni sjóðanna séu kynnt sjóðfélögum betur en nú er og að leitað sé eftir aukinni aðild og áhrifum þeirra.

Ég hef þegar nefnt endurnat réttinda í tengslum við aðgerðir vegna ónógs gjaldþóls, en e.t.v. mætti skoða réttindin í viðara samhengi með hliðsjón af hlutverki sjóðanna og breytingum í atvinnu- og þjóðfélagsháttum. Að hverju eða sjóðirnir að stefna? Eru lífeyrissjóðirnir e.t.v. skelfing gamaldags? Hafa reglugerðirnar ekki staðið að mestu óbreyttar um arabíll? Víst hafa orðið vissar breytingar — en hafa sjóðsstjórnirnar haft um þær forystu?

Eitt af því sem taka þarf afstöðu til í löggjöf um starfsemi lífeyrissjóða er til hvaða réttinda trygging lífeyrissjóða skuli taka. Þetta þurfa lífeyrissjóðirnir að ræða og taka afstöðu til. Þá mætti e.t.v. ræða í hve miklum mæli á að standa undir hinum mismunandi réttindum. Er skynsamlegt, sérstaklega í tilhölulega litlum sjóðum með tilhölulega mikla áhættu af áfallatryggingum, að hafa trygginguna fjótandi í þeim skilningi að hún ráðist alfarð af föstum ákvæðum um myndun réttinda? Í því kynni

að felast áhætta um að skyndilegur vöxtur einnar tryggingar, t.d. örorkulífeyris, væri á kosnað annarra réttinda, ellilífeyris. Eftirtekarverð sýnist mér sú tilhögun sem nú er til umræðu hjá einum af stærstu SAL-sjóðunum, að fastákvæða hlutfall ellilífeyringa af iðgjöldum.

Önnur hugmynd er skiping ellilífeyrisréttinda milli hjóna í stað makalífeyris. Hefur hún verið rædd í lífeyrissjóðum? Það er mér stórlega til efs.

Fleira mætti vafalaust nefna en mig skortir til þess bæði tíma og andrúki — þetta sem ég hef nú sagt er fyrst og fremst sagt í hvatningu- í dæmaskyni. Megináþendingin er sú að sjóðirnir eigi að sýna að með þeim leynist lífsmark, þeir eigi ekki að stíja auðum höndum í skjóli skyldurtryggingarinnar heldur sýna frumkvæði og sveigjanleika í að takast á við verkefni sín.

---

Ég hef nú tæpt á ýmsum þáttum sem mér sýnist snerta spurninguna um framtíð lífeyrissjóðanna. Og hver er þá niðurstaðan? Á lífeyrissjóðakerfið framtíð fyrir sér? E.t.v. er hægt að svara því þannig að séu öll skilyrðin, sem ég nefndi hér á undan, uppfyllt, eigi kerfið vissulega framtíð fyrir sér. Skilyrðin vega væntanlega misþungt og ekki er gott að gefa þeim vægi hveju fyrir sig. Og að þeim verður að vinna á mismunandi vettvangi. Það er óvirkæt hlutverk samtaka ykkar að vinna beinlínis að þeim þáttum sem ég nefndi yri skilyrði og snúa að löggjöf, tengslunum við almannatryggingar og skattlagningu. En hér þurfa lífeyrissjóðamenn yfirleitt að koma við sögu, láta þessi mál til sín taka, ræða málefni lífeyrissjóða við þingmenn, verkalyðsfélög, launagreiðendur og sjóðfélaga. Í þessu sambandi vil ég vara við einu sérstaklega, að væntanleg löggjöf verður aldrei að fullu að allra skapi. Hún hlýtur að verða málaáriðun og menn þurfa að takast á við þetta verkefni með því hugarfari.

Inni skilyrðin sem ég nefndi svo, snúa beint að lífeyrissjóðunum hverjum fyrir sig og samtökunum sem að baki þeim standa. Eg ítreka að ekki dugir að stíja með hendur í skauti, mæta á aðalfundum SAL og stjórnafundum heldur þarf að taka til hendi. Það verður að strækka sjóði og fækka þeim. Það verður að stíla sjóðum með allsendis ónógt gjaldþol. Ég vil leyfa mér að fullyrða að kerfi margra lítilla sjóða á sér ekki framtíð, a.m.k. engu ásættanlega framtíð. Og kerfi margra lítilla sjóða með mjög skert gjaldþol á vitaskuld engu framtíð fyrir sér.